



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um Vináttuverkefni Barnaheilla

Á fundi borgarráðs þann 25. október 2018 var svohljóðandi tillögu vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins leggur til að borgin fjármagni að fullu Vináttuverkefni Barnaheilla fyrir þá leik- og grunnskóla sem þess óska. Rökin með þessari tillögu hafa verið reifuð oft áður og skemmst er að nefna að góð reynsla er af verkefninu sem hjálpar börnum að fyrirbyggja og leysa úr ýmsum tilfinningalegum og félagslegum vanda.

Um verkefnið Vináttu

Vináttu byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir Vináttu á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér ákveðin grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Vináttu felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

Umburðarlyndi: Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

Virðing: Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

Umhyggja: Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki: Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Allt námsefnið sem notað er í *Vináttu* er að finna í sérstökum tösikum. Þar eru verkefni og annað efni ætlað börnum, foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki. Hver skóli getur útfært efnið út frá eigin stefnu og sérstöðu. Mikilvægt er að skólar noti sem fjölbreyttust verkefni og vinnubrögð svo að öll börn geti nýtt styrkleika sína og lagt sitt af mörkum til að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki.

Námsefnið er í þar til gerðum tösikum.

Gul taska: Efni fyrir 0–3 ára. Fyrir ungarnadeildir leikskóla. Hentar einnig vel fyrir dagforeldra.

Græn taska: Efni fyrir 3–6 ára börn í leikskólum.

Blá taska: Efni fyrir nemendur í 1.-3. bekk grunnskóla.

Börnum sem kynnast *Vináttu* líkar vel við verkefnin og efnið í tösikunni. Þau eru hafa sýnt meiri hjálpsemi, samhygð og umhyggju. Eldri börn hjálpa þeim yngri og ný tengsl hafa myndast í leik. Börn úr leikskólum sem unnið hafa með verkefnið fá umsögn um hlýju, samkennd og góða framkomu, þar sem þau koma. Foreldrar barnanna úr leikskólum þrýsta gjarnan á grunnskólann sem þau fara í um að taka upp verkefnið í grunnskólanum og vinna þar áfram með þessa hugmyndafræði.

Í *Vináttu* er lögð mikil áhersla á þátttöku foreldra, enda eru foreldrar mikilvægir samherjar skólanna. Í tösikunum eru sérstök verkefni sem gert er ráð fyrir að unnin séu með foreldrum, svo sem á foreldrafundum.

Mikilvægt er að foreldrar þekki hugmyndafræði og gildi *Vináttu* og séu samstíga skólunum í aðgerðum til að fyrirbyggja einelti.

Barnaheill heldur námskeið fyrir þá sem vilja verða leiðbeinendur verkefnisins *Vinátta*. Í lok námskeiðs fá þátttakendur tösku sem inniheldur fræðsluefni vináttuverkefnis. Ein taska fyrir hverja tvo þátttakendur.

Pátttaka og fjármögnun

23 leikskólar af 62 leikskólum borgarinnar og einn grunnskóli af þeim 33 grunnskólum sem eru með 1.-3. bekk taka þátt í verkefninu Vináttu.

Verkefnið Vináttu er eitt af þeim verkefnum sem leik- og grunnskólar geta valið sér til að vinna með við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur. Hver og einn skóli hefur faglegt sjálfstæði til að ákveða hvaða verkefni eru tekin upp í skólanum. Hver skóli sér um fjármögnun þeirra verkefna sem þeir ákveða að taka þátt í.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að þetta verkefni sé að fullu fjármagnað fyrir þá skóla sem vilja taka upp þetta verkefni innan þess faglega og fjárhagslega svigrúms sem felst í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.